

BORGARRÁÐ 6. október 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingagjöf til starfsmanna vegna sameiningu ÍTR og MOF – MSS22100066

6. júní sl. tilkynntu forsvarsmenn nýs borgarstjórnarmeirihluta að málaflokkar íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs yrðu sameinaðir. Þrátt fyrir að fjórir mánuðir séu nú liðnir frá umræddri yfirlýsingu hefur starfsfólk umræddra sviða fengið afar litlar upplýsingar um hvernig staðið verði að sameiningunni fyrir utan það sem hefur komið fram í fjölmiðlum. Slíkur skortur á upplýsingagjöf er ekki í samræmi við viðurkennda breytingarstjórnun í stjórnsýslu. Óskað er eftir því að sem fyrst verði bætt úr upplýsingagjöf til starfsmanna vegna umræddra breytinga. Þá er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. Hvað verður um núverandi starfsmenn á skrifstofum sviðanna? Munu þeir halda störfum sínum, verða endurráðnir eða verða allar stöður í yfirstjórn nýs sviðs auglýstar?
2. Er ekki nauðsynlegt að eyða óvissu um þessi mál nú þegar gagnvart starfsfólki?
3. Hafa átt sér stað viðtöl við viðkomandi starfsmenn í lykilstöðum sviðanna um þessi mál?
4. Hvenær mun koma í ljós hvort hagræðing verði af sameiningu sviðanna, eins og núverandi meirihluti heldur fram að verði? Óskað er eftir því að greinargerð um vænta hagræðingu og sparnað vegna umræddrar sameiningar verði lögð fyrir borgarráð.
5. Liggur fyrir hver kostnaðurinn verður vegna umræddrar sameiningar árin 2022 og 2023, m.a. vegna ráðgjafarkostnaðar og starfslokasamninga? Óskað er eftir því að greinargerð um slíkan kostnað verði lögð fram í borgarráði sem fyrst.
6. Hvenær er gert ráð fyrir að nýr sviðsstjóri taki til starfa?
7. Hvar verða höfuðstöðvar nýs sviðs til húsa?
8. Hvernig verður stjórnsýslu menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs háttað þar til nýtt svið verður formlega stofnað og nýr sviðsstjóri tekur við störfum?
9. Hvert verður hlutverk núverandi starfandi sviðsstjóra í innleiðingarferlinu?
10. Til hvaða aðila, innan og utan borgarkerfisins, verður leitað varðandi upplýsingar og ráðgjöf vegna sameiningarinnar?
11. Er vinna hafin við gerð nýrrar samþykktar menningar, íþrótt- og tómstundaráðs vegna sameiningarinnar? Verða drög að slíkri samþykkt lögð fyrir ráðið til umsagnar fyrir lokaafgreiðslu í borgarstjórn?